



## Umsókn um styrk

## Umsækjandi:

Nafn:	MeginMál ehf.	Kennitala:	7110112850
Netfang:	meginmal@meginmal.is	Sími:	8604128 / 8604108
Styrkur:	Bæjarráðsstyrkur		

## Forsvarsmáður:

Nafn:	Hrönn Harðardóttir	Kennitala:	1401605989
Netfang:	meginmal@meginmal.is	Sími:	8604108

## Tilfni umsóknar, stutt lýsing:

Fyrirtækið MeginMál ehf. á lögheimili að Strandgötu 31, 220 Hafnarfirði. Eigendur þess eru Hrönn Harðardóttir og Sigríður Kristjánsdóttir, bornir og barnfæddir í Hafnarfirðingum sem hafa ætíð átt lögheimili í firðinum, og lengst af starfsævinni starfað í Hafnarfirði. MeginMál ehf. sérhæfir sig í úttektum og mati á þjónustu við aldrað fólk og fatlað fólk með; úttektum á árangri og gæðum veittrar þjónustu, og úttektum á árangri og gæðum stjórnunar og reksturs. Fyrirtækinu er ætlað að mæta þörf samfélagsins fyrir óháða aðila við úttekt og mat á velferðarþjónustu. Í íslensku samfélagi hefur verið ákafst ákall um aukið eftirlit með þjónustu af ýmsum toga. Metnaður eigenda snýr að því að búa yfir vönduðu gæðamatskerfi sem nýta megir til eftirlits og úttekta í velferðarþjónustunni. Markmið, lýsing og tilfni umsóknar: Verkefnið sem hér er sótt um styrk til felur í sér úttekt og mat á þjónustu, og varðar hag fatlaðs fólks í Hafnarfirði þ.e. þeirra sem njóta meiriháttar þjónustu af hálfu sveitarfélagsins. Sótt er um styrk til að raunprófa gæðamatskerfi og gátlista, sem nota skal við úttektir og mat á gæðum veittrar þjónustu m.a. við fatlað fólk. Fyrirtækið hefur undanfarið unnið að gæðamatskerfi sínu. Raunprófun á gæðamatskerfi og gátlistum fyrirtækisins er nauðsyn, til að staðfesta að kerfið mæli það sem því er ætlað að mæla. Heildstætt matskerfi stuðlar að því að notendur fái sömu þjónustu innan sama þjónustukerfis. Úttektir og mat í velferðarþjónustu eru nauðsynlegar til staðfestingar á því að veitt þjónusta sé eins og vænst er. Ávinningur Hafnarfjarðar: Hafnarfjarðarbær ber ábyrgð á margvíslega þjónustu við fatlað fólk m.a. þjónustu á heimilum þess. Þjónustan miðar m.a. að því að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og skapa því skilyrði til að lifa eðlilegu lífi og taka virkan þátt í samfélaginu. Hafnarfjarðarbær og félagsmálaráðherra bera ábyrgð á eftirliti með að þjónustan sé í samræmi við markmið laga og reglugerða og að réttindi fatlaðs fólks séu virt. Á tímum niðurskurðar og þrænginga síðustu ára, hafa opinberir aðilar haft lítið fjármagn til eftirlits með þjónustunni. Með því að styrkja MeginMál ehf. til að reynsluprófa gæðakerfi sitt getur Hafnarfjarðarbær bæði lagt sitt að mörkum við að styðja við sprotafyrirtæki og frumkvöðla í bænum sem og framfylgja stjórnvaldsskyldum sínum með eftirlit með þjónustu við fatlað fólk. Með því að styrkja verkefnið leggur Hafnarfjarðarbær sitt að mörkum; til að stuðla að auknum gæðum í velferðarþjónustu, til að styðja við sprotafyrirtæki og stuðla að framgangi þess, til að styðja við hafnfirska frumkvöðla við nýsköpun og vörupróun. Niðurstöður úttekta og mat á þjónustunni verður skilað með skýrslu. Verkefnið gefur sveitarfélaginu niðurstöður úttektar óháðra aðila á þjónustu við fatlað fólk í bænum. Því er óhætt að segja að hér sé um Win-Win verkefni að ræða fyrir MeginMál ehf. og Hafnarfjarðarbæ. Tíma og verkáætlun; Framkvæmd verkefnisins krefst náins samráð og samstarfs við fjölda aðila innan Fjölskydu- og félagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar. Því er ekki unnt að setja nákvæmar tímasetningar á framkvæmdina, aðrar en þær að verkefnið fari fram veturinn 2013 til 2014.

## Upplýsingar um styrk:

Styrkupphæð:	600.000-
Kostnaðaráætlun:	600.000-
Fylgir kostnaðaráætlun:	Já
Áður sótt um:	Nei
Var styrkur veittur:	

Heiti verkefnis: Árangursríkari velferðarþjónusta  
Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til:

## Umfang verkefnis:

Styrkupphæð; Sótt er um kr. 600.000. Miðað er við mánaðarlaun sérfræðings (laun og launatengd gjöld), við að raunprófa gæðamatskerfið á heimilum fatlaðs fólks í Hafnarfirði (heimili; þar sem veitt er sólarhringsþjónusta af hálfu sveitarfélagsins). Önnur fjármögnun Engir styrkir hafa fengist til þessa verkefnis sem hér er sótt um. MeginMál ehf. hlaut styrk í maí 2013 frá AtvinnuMál kvenna, til vörupróunar á verkefni sem nefnist Gæðavísar í velferðarþjónustu?. Undanfarna mánuði hefur fyrirtækið lagt áherslu á að þróa vöru sína og nú er komið að þörfinni fyrir að raunprófa vöruna og því óskað eftir styrk frá bæjarráði Hafnarfjarðar til prófana á gæðamatskerfinu.

Tekjur/aðgangseyrir:

0

## Aðrar upplýsingar:

Annað MeginMál ehf. hefur það að leiðarljósi að efla þjónustu við fatlað fólk og þar með bæta lífsgæði þess. Eigi íslenskt atvinnulíf að komast upp úr þeim öldudal sem það er í nú og ná fullum þrótti er mikilvægt að sprotafyrirtæki eins og MeginMál ehf. eigi möguleika á styrkjum til vörubróunar og til að prófa vöru sína í raunastæðum. Úttektir og mat á þjónustu er nauðsynlegt til staðfestingar á því að þjónustan sé eins og vænst er, en velti ekki á heppni notanda þjónustunnar þ.e. heppni með þjónustuaðila. Heildstætt matskerfi stuðlar að því að notendur fái sömu þjónustu og koma öllum jafnt að gangi, óháð því hver það er sem veitir þjónustuna. Staðlað gæðamatskerfi skapar traust vegna þess að það er þróað í umhverfi sem er opið og gegnsætt, þar sem allir sem hagsuma eiga að gæta geta lagt til málanna. Í fjölskyldustefnu Hafnarfjarðarbæjar segir það er mikilvægt að samfélagið hlúi vel að öllum einstaklingum?. Með því að styrkja verkefnið stuðlar sveitarfélagið að auknum lífsgæðum fatlaðs fólks. Vísað er á heimasíðu fyrirtækisins til frekari upplýsinga á vefslóðinni; [www.meginmal.is](http://www.meginmal.is)

## Fylgiskjöl:

\*attachments\*

## Mál:

Málsnúmer:

1309495

Stofnað:

23.9.2013 09:20:23